



Skilmálar og skilyrði FÍB Aðstoðar

Þjónustulýsing FÍB Aðstoðar:

- I. FÍB rekur aðstoðarþjónustu fyrir félagsmenn sína, FÍB Aðstoð, sem er bundin við skipulagt þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu og í mörgum stærri bæjarfélögum á Íslandi. Nánari upplýsingar um þjónustusvæði FÍB Aðstoðar og hvaða þjónusta er í boði á hverjum stað má nálgast inn á vefsíðu FÍB, www.fib.is og í síma 4149999 eða 5112112. Þjónusta FÍB Aðstoðar er án endurgjalds fyrir FÍB félagan innan þjónustusvæða FÍB Aðstoðar og innan þeirra marka sem sett eru í skilmálum þessum. Ef FÍB félagi er utan þjónustusvæðis FÍB Aðstoðar getur aðstoðarvaktin haft milligöngu um aðstoð. Félagi greiðir fyrir aðstoð utan þjónustusvæðis. Nýir félagsmenn eiga tilkall til aðstoðarþjónustu 24 klukkustundum eftir að búið er að greiða félagsgjald.
- II. Innifalið í FÍB aðstoð er eftirfarandi þjónusta:
 - Rafmagnsaðstoð**
Ef bíll félagsmanns er straumlaus, t.d. á köldum vetrarmorgni er veitt aðstoð við að koma bílnum í gang með starttæki eða startkapi.
 - Eldsneytisaðstoð**
Ef bíll félagsmanns er bensín- eða dísilolíulaus, kemur þjónustubíll með eldsneyti og hellir allt að 5 lítrum á bílinn. Nægir til að komast á næstu bensínstöð. Félagsmaður greiðir fyrir eldsneytið sem fer á bílinn.
 - Straumlaus rafbíll – flutningur á næstu hleðslustöð**
Verði rafbíllinn straumlaus þá geta FÍB félagar fengið bílinn fluttan að næstu hleðslustöð eða að heimili félagsmanns, eftir því hvort er nær. Ef rafbíll er fluttur utan dagvinnu þá greiðir félagsmaður yfirvinnuálag. Félagsmenn geta notið þessarar rafbílaaðstoðar allt að tvisvar sinnum á félagsári. Að öðru leyti gilda skilmálar FÍB Aðstoðar um þjónustu.
 - Dekkjaskipti**
Ef dekk (hjólbarði) springur eða er loftlaust og dekkjaskipti eru vandamál, þá kemur FÍB Aðstoð til hjálpar til að setja varadekk undir eða bæta í lofti. FÍB Aðstoð greiðir ekki kostnað eða hefur milligöngu um að útvega varadekk ef það er ekki til staðar eða ekki í lagi.
 - Dráttarbíll**
Félagsmaður á tilkall til eins dráttarbíls á aðildar ári í dagvinnu innan þjónustusvæðis. Þjónustan er miðuð við flutning á bilaðri fólksbifreið t.d. á verkstæði eða af hættulegum vettvangi.

Ef þjónusta dráttarbíls er veitt utan dagvinnu þá greiðir félagsmaður yfirvinnuálag sjálfur.
- III.
 - Veitt er þjónusta vegna fólksbifreiða innan þessara stærðarmarka:
 - Farartæki allt að 3.500 kílóum í heildarþyngd
 - Heildarbreidd 2,3 metrar.
 - Heildarlengd (á vélknúnum farartækjum) allt að 5,5 metrar.



- Dekkjastærð allt að 33"

Skilmálar:

1. Framvísa þarf gildu félagsskírteini til að njóta FÍB Aðstoðar og kvitta fyrir þjónustuna.
2. Allir FÍB félagsmenn sem staðið hafa skil á félagsgjaldi eiga aðgang að FÍB Aðstoð innan skilgreindra þjónustusvæða (sbr. I. hér ofar). Nýir félagsmenn eiga tilkall til aðstoðarþjónustu 24 klukkustundum eftir að búið er að greiða félagsgjald.
3. FÍB getur hafnað eða frestað aðstoðarþjónustu ef veður, ástand vega eða færð er í ólagi.
4. Þjónustan er veitt hverjum félagi í FÍB á fólksbifreið innan ramma þessara skilmála.
5. Viðmið varðandi notkun á þjónustu er að hver félagismaður á tilkall til allt að þriggja þjónustuaðstoða án endurgjalds á félagsári.
6. Félagisaðildin er persónubundin og gefur félagsmanni sem ökumanni eða farþega í einkabifreið möguleika á þjónustu gegn framvísun félagsskírteinis óháð eignarhaldi bifreiðar.
7. Aðstoðin miðast við að bifreið sé á bílastæði, götu eða vegi en ekki á stað þar sem akstur er óheimill, í vatni, foraði eða öðrum vegleysum.
8. FÍB Aðstoð þjónustar ekki ökutæki sem eru föst vegna snjóá eða ófærðar.
9. FÍB Aðstoð þjónustar ekki ökutæki sem eru ekki á skrá, númerslaus eða á að flytja til förgunar.
10. Kostnað vegna aukahluta, eldsneytis, olíu og annars ber félagmaður.
11. FÍB getur neitað félagsmanni um þjónustu ef hann eða samferðamenn eru ógnandi í framkomu eða í annarlegu ástandi.
12. FÍB Aðstoð sinnir fyrst og fremst bráðatilvikum (sbr. þjónustuuptalningu).
13. Ætlast er til að viðskiptavinur viðhaldi ökutæki sínu á viðeigandi og fullnægjandi hátt í samræmi við eigendahandbók.
14. Ef viðskiptavinur telst misnota þjónustuna áskilur FÍB sér rétt til að neita honum um frekari þjónustu FÍB Aðstoðar.
15. Öll nætur og helgaraðstoð innan ramma þessara skilmála miðast við bráðatilvik og neyð.
16. Aðstoðarbeiðnir fara í gegnum aðstoðarsíma FÍB Aðstoðar - 5 112 112. Vakt er við aðstoðarsímann allan sólarhringinn.

FÍB Skúlagötu 19, 101 Reykjavík. Sími 414 9999, fax 414 9998, netpóstur fib@fib.is